

LANDBÓTASJÓÐUR  
NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla  
2005

# Efnisyfirlit

Inngangur	2
Framkvæmdir árið 2005	2
Árangur	4
Fundargerðir 2005	7
Áætlun 2006-2010	16
Kostnaðaryfirlit 2006-2010	17
Brú	17
Aðalból	19
Vaðbrekka	20
Sænautasel	21
Hallarfjall	21
Laugarvalladalur	21
Jökuldalsheiði milli vega	22
Framlag til bænda	22
Óráðstafað/Farvegur Jökulsár	22

## Fylgigögn

Áætlun 2006-2010, tölulegt yfirlit

Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Yfirlitsmynd af starfssvæði sjóðsins

## **Inngangur**

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður m.a. með það meginmarkmið að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Háslón við gerð Kárahnjúkavirkjunar. Unnið hefur verið að þessu meginmarkmiði frá árinu 2003 með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati en tveir verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs.

Sumarið 2005 var alls borið á 10,17 km<sup>2</sup>, þar af voru 5,26 km<sup>2</sup> svæði sem borið var á 2003 og/eða 2004 (sjá nánar töflu 2).

## **Framkvæmdir árið 2005**

Sumarið 2005 var haldið áfram uppgræðslu fyrri ára, sum svæðin voru stækkuð og ný svæði komu til viðbótar. Dreift var 176 tonnum af áburði á um 1000 hektara lands (sjá nánar töflu 1). Við áburðardreifinguna unnu Benedikt Arnórsson, Snæbjörn V. Ólason, Agnar Benediktsson og Björn Hallur Gunnarsson. Samið var við Benedikt og Snæbjörn um að sjá um áburðardreifingu og sáningar til og með ársins 2007.

Jakob Sigurðsson sá um áburðarflutninga. Sú breyting var gerð á framkvæmd áburðarflutninga frá árinu 2004 að í stað þess að allur áburður væri fluttur að Brú á Jökuldal þar sem verktakar sáu um að flytja hann á þá staði sem átti að dreifa á þá var hann fluttur á fyrirfram ákveðna staði til dreifingar, á Grunnavatnsöldu, neðan Fiskidalsháls, við Brú, Laugarvelli, Hallarfjall og ofan Faxahúsa. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og sparaði verktökum mikinn tíma við áburðarflutninga. Þetta fyrirkomulag verður notað næstu árin í samráði við verktaka við áburðardreifingu og flutningsaðila.

Við áburðardreifingu var miðað við að dreifa 180/kg á hvern hektara. Unnið var við dreifingu með fjórum dráttarvélum, 100 til 160 hestöfl, og var áburðardreifari sem tók 1200 kg með hverri þeirra. Dreifingin fór fram dagana 21. – 27. júní en þá var frost að mestu farið úr jörðu og aðstæður til áburðardreifingar taldar heppilegar. Við

áburðardreifingu var aksturferill fyrir dreifingu hvers dreifara fyrir sig vistaður í GPS tæki. Verktakar höfðu fyrri dreifingar einnig inni í GPS tækjunum til þess að miða við. Dreifingin var flokkuð í þrjá flokka (sjá nánar töflu 2):

- **Enduráburðargjöf**, þar sem borið er á svæði sem áður hafa fengið áburð/fræ.
- **Sáning**, þar sem fræi er dreift á svæði sem ekki hefur verið unnið á áður eða til að styrkja svæði með mjög laust og fokgjarnt yfirborð s.s rofabörð.
- **Gróðurstyrking**, þar sem ekki hefur verið borið á eða sáð í svæði áður, staðargróður styrktur.

Nafn svæðis	Km <sup>2</sup>	Áburður kg	Fræ kg
Brú	3,59	61.200	100
Faxahús	0,88	15.000	0
Garðá	0,14	2.400	0
Grunnavatnsalda	2,10	36.600	75
Hallarfall	0,14	2.400	0
Hrafnkelsdalur	1,27	21.600	0
Laugavellir	0,47	9.000	50
Múli	0,26	5.400	100
Mælivellir	0,41	7.000	0
Vaðbrekka	0,91	15.600	0
Samtals	10,17	176.200	325

Tafla 1. Samantekt áburðadreifinga og sáninga 2005 á einstök svæði, fjölda Km<sup>2</sup>, magn áburðar og fræs.

Fyrir sumarið 2005 var í fyrsta skipti aulýst eftir umsækjendum um þau 30 tonn sem bændur gátu dreift á sín heimalönd svo fremi sem dreifingin væri í samræmi við starfsreglur sjóðsins sem og verklag við dreifingu. Fjórir aðilar sóttu um og var hverjum þeirra úthlutað 7 tonnum af áburði. Vegna áburðarskorts í landinu náðist þó ekki að sinna öllum þessum verkefnum. Því var aðeins einn umsækjandi sem breiddi á sitt heimaland en það var Jón Hallgrímsson á Mælivöllum í Jökuldal (sjá tafla 1). Verður þessi úthlutun reynd aftur sumarið 2006.

Flokkun	Km <sup>2</sup>	Áburður kg	Fræ kg
Enduráburðargjöf	5,26	89.600	0
Sáning	0,29	8.800	325
Gróðurstyrking	4,62	77.800	0
Samtals	10,17	176.200	325

Tafla 2. Yfirlit yfir flokkun dreifingar, fjölda Km<sup>2</sup>, magn áburðar og fræs.

## Árangur

Árið 2005 var mjög hagstætt ár til uppgræðslustarfa á Austurlandi. Helgaðist það fyrst og fremst af reglulegri úrkomu um sumarið, en ætla má að úrkoma geti verið takmarkandi þáttur í gróðurframvindu á starfssvæði sjóðsins. Nokkur úrkoma var síðustu dagana í júní þannig að áburðurinn leystist fljótt upp og byrjaði að verka (sjá mynd 1). Hvergi hefur áburðargjöf mistekist þannig að enginn árangur sé merkjanlegur. Eins virðist lítt greinanlegur munur vera milli svæða í mismunandi hæð yfir sjávarmáli.

Mat á árangri hefur fyrst og fremst farið fram með samanburði ljósmynda og virðist það vera einföld leið sem reynist vel (sjá myndir 1, 2, 3 og 4). Eins og sjá má á myndunum er gróðurþekjan meiri eftir því sem borið hefur verið oftar á. Greinilega sliktu má sjá á mynd 1 en þar var fyrst borið á sumarið 2005 og áburðurinn hefur haft um mánuð til að virka.



*Mynd 1. Grunnavatnsalda 27. júlí. Borið á í fyrsta skipti 2005.*



*Mynd 2. Brú 27. júlí. Borið á 2004 og 2005.*



*Mynd 3. Brú 27. júlí. Borið á 2003, 2004 og 2005.*



*Mynd 4. Múli 27. júlí. Borið á 2003 og 2004.*

## Fundargerðir 2005

Þriðjudaginn 18. janúar 2005 kom ráðgjafanefnd landbótasjóðs Norður-Héraðs saman til fundar á Egilsstöðum.

*Mættir: Arnór Benediktsson, Þór Þorbergsson og Guðrún Schmidt.*

*Guðrún Schmidt ritaði fundargerð.*

Aðalviðfangsefni fundarins var að gera uppgræðsluáætlun fyrir árið 2005.

Arnór sagði frá að það væru um 11 milljónir á þessu ári sem sjóðurinn má eyða í uppgræðsluframkvæmdir auk fjárupphæðarinnar sem myndast þegar gengið er á stofnfé sjóðsins sem nemur 2,5%.

Guðrún lagði fram drög að ársskýrslu fyrir árið 2004 sem nefndarmenn munu ræða nánar á næsta fundi.

### Áætlun 2005

Gert er ráð fyrir að kaupa 200 tn af tilbúnum áburði til uppgræðsluframkvæmda á árinu 2005. Búið er að panta áburðinn hjá Áburðarverksmiðjunni.

840 kg af því fræi sem var keypt til dreifingar árið 2004 voru ekki notuð og eru geymd til notkunar á þessu ári. Ekki er þörf á að kaupa meira fræ og þarf að gera ráð fyrir að nota allt þetta fræ í sumar.

Fjallað var um öll núverandi uppgræðslusvæði, árangur uppgræðslunnar og metið hvort og hvaða svæði þarf að styrkja aftur með áburðargjöf. Einnig voru áætluð ný uppgræðslusvæði og nauðsynlegar aðgerðir metnar.

**Við Hallarfjall:** Svæðinu verður skipt í tvennt, eitt svæði fær aftur áburðarskammt en annað ekki. Með þessu móti er verið að prófa mismunandi uppgræðsluáðferðir og verður áhugavert að bera saman áranginn. Gert er ráð fyrir **4 tn** af áburði.

**Í Laugarvallardal** er áætlað að bera aftur á sama svæði, **3 tn**, og stækkar svæðið með því að dreifa **3 tn** til viðbótar auk **100 kg** af fræi (blanda af vallarsveifgrasi og túnvingli).



Ákveðið var að sleppa að bera á svæðin við **Múla**. Þar er áhugavert sýnishorn af þriggja-, tveggja og eins árs uppgræðslu sem er gott að bera saman og prófa sig áfram með mismunandi uppgræðsluaðferðum.

Uppgræðslusvæðið við **Brú, utan Þverár** verður styrkt aftur með **2 tn** af áburði. Þetta er erfitt svæði, bæði fyrir plönturnar að ná sér á strik og einnig vinnulega séð. Þess vegna er best að “hjálpa” plöntunum aftur í ár en sleppa svo næsta ári.

Áætlað er að bera aftur á eins árs uppgræðslusvæðið **framan við fjárhúsin við Brú** en sleppa að bera á tveggja ára uppgræðslu. Það þarf um **1,5 tn** af áburði en einnig er gert ráð fyrir að stækka þetta svæði verulega og bera á allan mel að Rauðabergi. Best er að skipta melnum í tvennt. Svæðið **framan við Garðá, Vörðuhraun** er um 45 ha en svæðið **ofan við Gullberg-Rauðaberg** er um 89 ha. Þetta eru auðveld svæði til yfirferðar með vélum en helsti galli er hvað er langt að sækja í áburð eða lengst um 2 km. Áburðarmagnið sem er áætlað á þessi tvö svæði eru **22 tn**.

Uppgræðslusvæðin við **Brú** og Sænautasel eru þar sem rennsli sauðfjár er í heiðarlönd norðan vatna og þjónar þar með einnig þeim tilgangi að stoppa fé af. Ákveðið var að styrkja svæðið við Brú aftur á þessu ári nema þar sem áburði hefur verið dreift þrjú ár í röð. Þar af leiðandi þarf um **30 tn** af áburði á þetta svæði.

Við **Sænautasel** verður eingöngu borið aftur á sáningar meðfram rofabörðunum og gróðurinn styrktur ofan á börðunum. Það þarf um **5 tn** til þess. Þar sem uppgræðslan hefur gengið erfiðlega í börðunum þarf e.t.v. að sá **fræi** með.

Síðan er áætlað að byrja uppgræðslu á svæðunum **milli Brúar og Sænautasels**. Á köflum er þar töluvert virkt rof, sendnir melar og rofabörð, sem þarf að stoppa. Best er að stækka svæðið frá Sænautaseli í átt að Brú við **Grunnvatnsöldu-Netsel** en einnig að halda áfram uppgræðslu frá Brú meðfram **Þverávatni** áleiðis að Heiðarseli. Áætlað er að bera á um 175 ha stórt svæði við Grunnvatnsöldu-Netsel og á um 100 ha við Þverávatn eða í heild um **46,5 tn** af áburði. Gera má ráð fyrir einhverri **frænotkun** í börðin. Þessi svæði eru stutt frá vegi.

Austan Jöklu í landi **Vaðbrekku** er tveggja og eins árs uppgræðslusvæði í hlíðinni. Þetta er mjög erfitt svæði til vélavinnu. Ákveðið var að sleppa að bera á það í ár en bera aftur á það árið 2006. Í staðin er gert ráð fyrir að byrja á **nýju svæði austan við Vaðbrekkuháls, Vaðbrekkumegin** með **5 tn** af áburði. **Fræ** verður notað í rofabörðin.

Í **Hrafnkelsdal** er gert ráð fyrir að bera ekki á svæðið við Stóra Mó á árinu 2005 en styrkja áfram þau svæði meðfram vegi. Einnig að stækka uppgræðslusvæðin á rofsvæðunum meðfram vegi. Heildaráburðarmagn: **5 tn** og **fræ** í rofabörðin.

Uppgræðslusvæðið í **Skænudal** fær ekki áburð á þessu ári en aftur árið 2006. Gert er ráð fyrir að byrja á nýju svæði sem er **neðan við landamerkjabeygju neðan slóðar** og er um 77 ha stórt. Gert er ráð fyrir að nota um **13 tn** af áburði þar.

Uppgræðslusvæðið við **Faxahús** á að fá aftur áburð þar sem þetta svæði liggur að hluta til í töluverðum halla með virku rofi sem reyna þarf að stoppa sem fyrst. Sleppa má hins vegar að bera aftur á svæðið sem hefur verið í “Bændur græða landið” uppgræðslu í nokkur ár áður. Áburðarmagnið hér er **30 tn**.

Miðað við þessa áætlun er gert ráð fyrir að **eldri uppgræðslusvæði fái 78 tn** af áburði árið 2005 og byrjað verður á **nýjum svæðum með 92 tn**. Þá eru **30 tn** eftir sem á að auglýsa til uppgræðslu bænda á gömlu Norður-Héraðssvæði.

Á fundinum var einnig fjallað um unglíngahópinn. Hann á að vinna á þeim stöðum þar sem vélarnar komast ekki að. Væntanlega verður þetta aðallega á Brú, utan Þverár, í Vaðbrekkuháls og í bröttum rofsvæðum í Hrafnkelsdal meðfram vegi.

Rætt var um að notkun heyrúlla getur bætt árangur við uppgræðslu á erfiðum svæðum til muna. Nefndarmenn telja það góðan kost að leigja rúlludreifara sem Landgræðslufélag Héraðsbúa á til að dreifa rúllum í rofabörð og sendin svæði. Líklega er best að dreifa litlum skammti af áburði og fræi áður en heynu er dreift ofan á. Þetta þarf að ræða við sjóðsstjórn á næsta fundi.

Nefndin ætlar einnig að ræða við sjóðsstjórn um það að setja upp skilti meðfram uppgræðslusvæði sem útskýrir fyrir vegfarendum hvað er að gerast á svæðinu og af hverju.

Notkun GPS tækja við uppgræðslustarfið hefur reynst afar vel og vill nefndin þakka sjóðsstjórninni fyrir að hafa tekið ákvörðun um að fjárfesta í tækjunum. Einnig þakkar nefndin Önnu Bragadóttur, starfsmanni Landgræðslunnar á Austurlandi fyrir að hafa gefið sér mikinn tíma til að kenna mönnum á GPS tækin og Landgræðslunni fyrir að vinna úr öllum upplýsingum og halda þeim til haga.

Talað var um greiðslufyrirkomulagið til verktaka m.t.t. eiginleika uppgræðslusvæða. Nefndin telur að best væri að skipta svæðunum í þrennt, þ.e. góð svæði, sæmileg svæði og erfið svæði og að greitt verði eftir því. Fleira var ekki bókað og fundinum frestað.

---

Framhaldsfundur, 20.1.05 á Egilsstöðum

*Mættir: Arnór Benediktsson, Þór Þorbergsson og Guðrún Schmidt*

Fyrir framhaldsfundinn voru Arnór og Þór búnir að mæla stærðir á nýjum uppgræðslusvæðum í tölvu og ræða nánar um áætlunina.

Fræþörf á einstökum svæðum þarf að meta á staðnum næsta vor áður en uppgræðslustarfið hefst en eins og hingað til er lögð áhersla á að nota fræ í rofabörð, ógróin og sendin svæði.

Arnór tekur að sér að ræða við landeigendur um áætlunina. Hann var reyndar búinn að tala við Önnu á Brú og Aðalstein á Vaðbrekku í gær sem gáfu bæði grænt ljós á fyrirhugaðar uppgræðsluaðgerðir.

Rætt var um það að fleiri eintök af ársskýrslunni þarf að prenta á þessu ári, eða um 30 stk. Niðurstöður úr ársreikningi eiga einnig að koma fram í ársskýrslunni.

Nefndarmenn voru sammála um að nefndin þurfi í framtíðinni að undirbúa mat á yfirferð svæða betur þannig að það liggi fyrir fyrirfram hversu erfið svæðin eru til dreifingar með vélum. Svæðin þarf að teikna inn á kort, skipta í erfiðleikarflokka, mæla stærð hvers svæðis og gefa því númer eða nafn.

Farið var aftur yfir áætlunina og drög að ársskýrslu.

Fundinum slitið.

---

Ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður-Hérðaðs

Fundargerð 22.06.2005

Mættir: Arnór Benediktsson, Þór Þorbergsson, Gústav Ásbjörnsson, Skarphéðinn Smári Þórhallsson, Þorsteinn Snædal og Anna Björk Hjaltadóttir.

Fundur settur klukkan 09:00 á Skjöldólfsstöðum, kaffi sett í mannskapinn og haldið í skoðunarferð um starfssvæði Landbótasjóðs. Fundarmenn höfðu auga með vænlegum svæðum til uppgræðslu í ferðinni. Þau svæði sem komu til tals eru eftirfarandi:

- # Langahlíð í landi Skjöldólfsstaða
- # Botnahraun
- # Svæði milli Botnahrauns og Þrívörðuháls
- # Þrívörðuháls
- # Melöldur milli Brúar og Sænautasels
- # Fiskidalsháls
- # Skógarhlíð vestan Nónhjúks
- # Laugavellir þar sem véltækt er, sem og rofabörð næst bæjarstæðinu
- # Haldið áfram og svæði stækkuð við Hallarfjall, Múla, Faxahús og Skænudal.
- # Unnið verði í rofi í hálsi ofan Aðalbóls í samvinnu við landeigendur.

Vettvangsferð lokið um 16:00 og þá komið við í Skjöldólfsstöðum í kaffi og tekið til við fundahald.

1. Gústav las upp svæði sem koma til greina til uppgræðslu ( sjá upptalningu hér að ofan ).
2. Gæta þarf að samstarfi við Landgræðslufélag Héraðsbúa, sérstaklega þegar kemur að svæðavali.
3. Fundurinn lagði til að uppgræðslusvæði við Reykjará verði hér eftir skilgreind sem tilrauna og prófunarsvæði fyrir Landbótasjóðinn.
4. Fundurinn samþykkir að árið 2005 verði unnið í hálsi ofan Aðalbóls í samvinnu við landeiganda. Þetta er erfitt svæði, bratt og rofið. Þarna þarf mikið af handsáningu. Arnór tók málið að sér.
5. Fram kom að við áætlanagerð þarf að gera ráð fyrir uppgræðslum á áreyrum Jökulsár frá og með árinu 2007.
6. Gústav lagði til að stefnt yrði á að nota um 300 tonn af áburði á ári til uppgræðslustarfa. Fundurinn samþykkti það með fyrirvara um að það stæðist fjárhagslega getu sjóðsins.
7. Gengið var frá formlegum samningi til tveggja ára við verktaka við dreifingu. Þeir eru Benedikt Arnórsson og Snæbjörn. Svæðum skipt í A, B, C eftir yfirborði. Taxti ákveðinn: A=8.500, B=11.500 og C=14.000 kr. Verðin eru fyrir utan vsk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00

Fundarritari var Gústav Magnús Ásbjörnsson.

---

Fundargerð 13.07.2005

Mættir: Þór Þorbergsson, Þorsteinn Snædal, Snæbjörn V. Ólason, og Gústav Ásbjörnsson. Arnór Benediktsson var fjarverandi við vinnu.

Farið var í skoðunarferð um svæðin. Umræða á almennum nótum um einstök svæði og reynslu af vinnu á þeim samhliða skoðunarferð um svæðin. Nokkur umræða um skiptingu svæða í flokka. Umræðu vísað til næsta fundar.

Snæbjörn mælti með frekari vinnu við Hallarfjall. Þar eru mjög sléttir melar sem taka vel við áburðargjöf þrátt fyrir að standa í mikill hæð yfir sjávarmáli.

Fundi slitið

---

Fundargerð 16. fundar landbótasjóðs Norður Héraðs 16.08.2005 haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins í Brúarási kl:20:00

Mætt: Þorsteinn Snædal, Anna Bragadóttir, Guðmundur Ólason.

1. Fundur settur. Þorsteinn Snædal formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Merki fyrir sjóðinn: Borist hafa sjö tillögur en auglýst var eftir tillögum að merki fyrir sjóðinn. Elín Þóra Friðfinnsdóttir mætti á fund stjórnar og veitti faglega ráðgjöf. Tillögurnar skoðar vandlega en að lokum var fundi frestað og ákveðið að skoða tillögurnar betur á næsta fundi og fá fleiri aðila til ráðgjafar.
3. Fundi frestað kl. 22:45
4. Fundi framhaldið 22.08.2005 kl 20:00 Mætt voru til fundar auk stjórnar undir þessum lið Elín Þóra Friðfinnsdóttir, Alma J. Árnadóttir, Ágúst Ólason. Þorsteinn Snædal setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Tillögurnar voru skoðaðar og fundarmenn samþykktu að velja tillögu merкта 050103-erla. Merkið lýsir verkefninu mjög vel og lesa má út úr því bæði vatn og gróður, laufblað, vatnsdropa og fræ. Merkið er einfalt og stílhreint og í því eru góð hlutföll. Formanni stjórnar falið að senda þakkarbréf til allra sem sendu inn tillögu. Einnig þarf að afhenda verðlaunin.
5. Rætt um að fara vettvangsferð á uppgræðslusvæðin um miðjan september.
6. Fundargerð lesin og staðfest
7. Fleira ekki gert fundi slitið kl. 21:50

---

Fundargerð 02.09.05

Fundur settur 15:00

Mættir: Arnór Benediktsson, Þór Þorbergsson og Gústav Ásbjörnsson.

1. Lagt til að farið verði í ferð og komið við á Mælivöllum, Brú, Sænautaseli og Brú. Þátttakendur í ferðinni yrðu stjórn Landbótassjóðs Norður-Héraðs og ráðgjafanefnd sjóðsins. Tilgangur ferðarinnar yrði að skoða og kynna aðgerðir sumarsins.
2. Ný svæði sumarið 2006.
  - a. Skænudalur í Vaðbrekkulandi. Fyrra svæði stækkað til NV. Áætluð stærð 53 hektarar. Efnisþörf er 9,6 tonn af áburði. Ekkert fræ notað samkvæmt óskum landeiganda.
  - b. Faxahús, fyrra svæði stækkað til vesturs. Áætluð stærð um 50 hektarar. Efnisþörf er 9 tonn.
  - c. Grunnvatnsalda, vestari hluti. Að þessum hluta loknum verður búið að mynda samfellt gróið svæði frá Sænautaseli að Brú. Stærð svæðis er um 250 hektarar og efnisþörf því 45 tonn. Ekki er talin þörf á fræi.
  - d. Svæði milli Brúar og Múla við Djúpagil. Að þessum hluta loknum væri búið að mynda samfellt gróið svæði milli Brúar og Múla og þar með frá Sænautaseli að Múla. Þetta svæði skiptist við Djúpagil, annars vegar 100 hektarar SV við gilið og hins vegar 450 hektara NA við gilið. Efnisþörf er því 99 tonn (18 tonn vestan gils og 81 tonn norðan gils).

*Miðað er við áburðarskammt 180 kg/ha við útreikninga á efnismagni en það er sami skammtur og hefur komið vel út undanfarin starfsár sjóðsins.*

Fundi slitið klukkan 16:15, fundarritari var Gústav Ásbjörnsson.

---

Fundargerð 17. fundar landbótassjóðs Norður Héraðs 04.11.2005 haldinn á Café Nilsen kl: 20:00

Mætt voru: Frá landbótassjóði Þorsteinn Snædal, Anna Bragadóttir, Guðmundur Ólason. Frá ráðgjafanefnd sjóðsins Arnór Benediktsson og Gústav Ásbjörnsson

8. Fundur settur. Þorsteinn Snædal formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
9. Merki fyrir sjóðinn: Þorsteinn sýndi fundarmönnum merki sem valið hefur verið fyrir sjóðinn. Einnig rætt um uppgræðslu sumarsins
10. Nú mættu á fundinn Vilhjálmur Benediktsson Eskihlíð 12 105 Rvk ásamt konu sinni. Vilhjálmur er höfundur að merki sjóðsins og tók hann við verðlaunum kr 100.000 frá Landbótasjóði Norður Héraðs
11. Að lokum var borðaður kvöldverður í tilefni dagsins
12. Fleira ekki gert fundi slitið kl c.a. 22:00



## Áætlun 2006-2010

Uppgræðsluáætlun næstu 5 ára er unnin með þeim forsendum að hún sé nákvæm til áráanna 2006-2008 en til viðmiðunar fyrir árin 2009-2010. Við mat á stærð uppgræðslusvæða er miðað við 180 kg/ha af áburði og að svæðin fái að jafnaði áburð fyrsta, annað og fjórða ár í uppgræðslu, annars eftir ástandi og þörfum. Þetta er byggt á reynslu Landgræðslu ríkisins og þeirri reynslu sem Landbótasjóður Norður-Héraðs hefur aflað sér með áburðardreifingum áráanna 2003-2005. Tölulegar upplýsingar um efnisnotkun á einstökum svæðum má sjá í Viðauka 1.

Hér á eftir er fjallað um þau uppgræðslusvæði sem áætlað er að unnið verði á næstu árin, helstu einkenni þeirra og áherslur í starfinu. Nöfn svæða vísa til heita í töflu í Viðauka 1. Í flestum tilfellum er um að ræða gróðursnauða mela, oft með rofabörðum þar melar mæta grónu landi. Yfirborðsgerð er nokkuð mismunandi, sléttir melar með stöðugu yfirborði, grýttir melar, virk rofabörð og gróðurlendi með lausum fokefnum og virku rofi.



Mynd 1. Melur sem ekki hefur verið borið á.



Mynd 2. Jaðar áburðardreifingar.

## Áætlun Landbótasjóðs Norður Héraðs

### Kostnaðaryfirlit 2006-2010

Kostnaðarliðir	Kostnaður á ári 2006-2010
Áburður tonn	300
Áburður kr. tonn	25.120
Flutningur kr. tonn	1.245
Dreifing kr. tonn	13.695
Samtals kostnaður kr.	12.018.000

\* Allar tölur eru með vsk

\*\* Allar tölur eru á núvirði desember 2005

Hektarar	1.667
Kostnaður kr/hektara	7.209

### Brú

Brú er samheiti fyrir svæðin: Brú framan fjárhúsa, Brú framan við Garðá og Vörðuhraun, Brú ofan við Gullberg og Rauðaberg, Brú utan Þverár, meðfram Þverárvatni, sunnan Djúpagils og norðan Djúpagils. Þetta eru melasvæði að jafnaði nokkuð slétt með stöðugu yfirborði. Hér er áætlað efni árið 2009 og 2010 og getur það dreifst á framantalin svæði eftir þörfum.

### *Brú framan fjárhúsa*

Þarna er um að ræða mela með stöðugu yfirborði í framhaldi af grónu landi í nágrenni fjárhúsanna á Brú. Uppgræðslan tengist við gróið land. Gert er ráð fyrir að þetta svæði verði stækkað út frá jöðrum með reglulegri áburðardreifingu. Árið 2007 er svo gert ráð fyrir að stækka svæðið um nærri 20 hektara, og fylgja því eftir 2008. Þetta svæði er hugsað sem tálmi fyrir sauðfé svo það fari seinna að vori frá bæ og því er um tíðari áburðardreifingu að ræða en að jafnaði á öðrum svæðum.

### *Brú framan við Garðá, Vörðuhraun*

Borið var á þetta svæði fyrst árið 2005. Gert er ráð fyrir að bera aftur á svæðið 2006 og 2008 og eftir þörfum árin 2009-2010. Þetta eru, eins og víðar, melar sem allgott er að komast um en flytja þarf efnið nokkra vegalengd í dreifurunum til að komast inn á svæðið.

### *Brú ofan Gullbergs, Rauðaberg*

Borið var á þetta svæði fyrst árið 2005. Gert er ráð fyrir að bera aftur á 2006 og 2008 og eftir þörfum árin 2009-2010. Þetta eru melar sem allgott er að komast um en flytja þarf efnið nokkra vegalengd í dreifurunum til að komast inn á svæðið. Þetta svæði nær saman við svæðið sem nefnt er Brú framan við Garðá, Vörðuhraun.

### *Brú utan Þverár*

Þarna er um að ræða áburðardreifingu á mjög áberandi rofabarð og aðliggjandi mela. Á þessu svæði hefur verið unnið á hverju ári síðan 2003. Svæðið er erfitt í uppgræðslu sökum halla og virkni í rofabarði. Þarna er gert ráð fyrir styrkingu gróðurs 2006-2008 og eftir þörfum árin 2009-2010.

### *Meðfram Þverárvatni*

Þarna er um að ræða uppgræðslu mela, molda, rofabarða og styrkingu staðargróðurs, sérstaklega loðvíðis. Ætlunin er að þarna sé hægt að styrkja fræframboð til nærliggjandi svæða sem og að festa yfirborðið en nokkuð meira er um fokefni á þessu svæði en víða annars staðar. Á þetta svæði verður borið 2007 og 2008. Ef þörf krefur er hægt að bera á árin 2009-2010 eða stækka svæðið til austurs.

### *Sunnan Djúpagils*

Áburðardreifing á þetta svæði fer fram í fyrsta skipti árið 2006 og verður dreifingunni fylgt eftir árið 2007. Svæðið tengist ábornu svæði við Múla. Hluti þessa svæðis er erfiður yfirferðar.

### *Norðan Djúpagils*

Þetta svæði er mjög víðáttumikið og liggur milli Djúpagils og uppgræðslu v. Brú ofan Gullbergs-Rauðabergs. Áburðardreifing á þetta svæði fer fram í fyrsta skipti árið 2006 og verður henni fylgt eftir árið 2007. Gert er ráð fyrir að á árunum 2009-2010 verði tiltækt efni til styrkinga eða stækkunar á þessu svæði. Svæðið er að stórum hluta greiðfært en flutningsvegalengd inn á þá hluta svæðis sem lengst eru frá vegi getur verið allnokkur.

### **Múli**

Þarna er um að ræða annars vegar mela og hins vegar rofabörð. Gert er ráð fyrir að bera á rofabörðin á hverju ári eða þar til þau eru orðin að fullu lokuð. Melasvæðin fengu hins vegar áburðargjöf 2003-2004 og er ætlunin að sjá hvernig þau þróast án frekari áburðargjafar. Á þessu svæði verða einnig settar upp tilraunir ef sjóðurinn sér ástæðu til þess.

### **Aðalból**

Undir Aðalból falla svæðin Faxahús, Faxahús til vesturs og hluti Hrafnkelsdals. Hrafnkelsdalur er gróinn upp á brúnir en nokkuð rof er við gróðurjaðarinn og rásir liggja niður hlíðarnar. Þegar upp á hálsinn er komið taka við sléttir melar. Árin 2009-2010 er áætlað að nota 25 tonn af áburði hvort árið til enduráburðargjafar og gróðurstyrkingar eftir þörfum.

### *Faxahús*

Á þetta svæði verður borið 2006 og 2008. Verður það að mestu leyti í formi enduráburðargjafar en hægt er að stækka svæðið út frá jöðrum og ofan vegar ef ástæða þykir til. Lögð verður áhersla á að styrkja vel gróðurinn við brún og niður í vatnsrásir/rofabörð sem hafa myndast frá brún og niður í dalina.

### *Faxahús til vesturs*

Þetta svæði kemur suður af svæði ofan Faxahúsa. Þarna er gert ráð fyrir enduráburðargjöf og gróðurstyrkingu á hverju ári eftir þörfum en hægt er að stækka svæðið töluvert til vesturs.

### *Hrafnkeldalur*

Þarna er um að ræða mela og rofabörð niðri í Hrafnkeldal. Þarna er markmiðið m.a. að græða upp láglendi dalsins og bæta beutiland sem hægir á ferðum sauðfjár að vori og hlífir þar með viðkvæmari gróðri á heiðum. Gert er ráð fyrir að áburði verði dreift á hverju ári 2006-2008. Áburðardreifingar árin 2009-2010 ráðast af ástandi gróðurs þá.

### **Vaðbrekka**

Í landi Vaðbrekku eru svæðin Skænudalur (ofan og neðan vegar), Skænudalur til norðvesturs yfir háls og Vaðbrekkuháls. Skænudalur einkennist af grýttum melum og er svæðið því erfitt yfirferðar. Þegar komið er upp úr Skænudal taka við sléttir melar með stöðugu yfirborði. Í Vaðbrekkuhálsi eru grýttar melabrekkur, mjög erfiðar yfirferðar. Gert er ráð fyrir að á árunum 2009-2010 verði um 25 tonnum af áburði dreift í landi Vaðbrekku hvort árið.

### *Skænudalur*

Þetta svæði skiptist í raun í tvö svæði, ofan og neðan vegar og er afar erfitt yfirferðar. Borið var á svæðið ofan vegar 2004, neðan vegar 2005 og árið 2006 verður borið á ofan vegar og 2007 neðan vegar. Vonast er til að svæðið verði þá orðið sjálfbært. Þarna hefur verið notaður heldur stærri áburðarskammtur en á öðrum svæðum þar sem aðeins er borið á svæðið annað hvert ár.

### *Skænudalur til norðvestur yfir háls*

Þetta svæði verður tekið fyrir í fyrsta skipti árið 2006. Þarna er um að ræða svæði sem er gott yfirferðar. Gert er ráð fyrir áburði á þetta svæði 2006-2008 og 2008 yrði svæðið þá stækkað sem nemur þeim áburði sem áætlaður er á það ár.

### *Vaðbrekkuháls*

Þarna er umtalsvert mikið af hlíðum sem fokið upp að fullu/rofnað og eru mjög sjáanlegar. Gert er ráð fyrir að borið verði á þetta svæði 2006-2008, enduráburðargjöf og gróðurstyrking eftir ástandi og aðstæðum hvers árs.

### **Sænautasel**

Sænautaseli tilheyrir uppgræðslusvæðin Grunnavatnsalda-Netsel, Vestari hluti Grunnavatnsöldu ásamt melum og rofabörðum næst Sænautaseli. Víðast hvar er um slétta mela með stöðugu yfirborði að ræða. Nokkuð er þó um rofabörð við gróðurjaðra. Árið 2010 er áætlað að 40 tonn af áburði verði notuð til enduráburðargjafar á þessu svæði.

### *Grunnavatnsalda-Netsel*

Á þessu svæði er gert ráð fyrir enduráburðargjöf 2006 og 2008. Landið er mjög greiðfært.

### *Vestari hluti Grunnavatnsöldu*

Borið verður á þetta svæði í fyrsta skipti 2006 og því fylgt eftir með enduráburðargjöf 2007 og 2009. Þetta svæði er mjög gott yfirferðar. Þegar búið er að fara yfir þetta svæði þá er búið að fara yfir alla mela með vegi milli Brúar og Sænautasels.

### **Hallarfjall**

Gert er ráð fyrir áburði á mela neðan Hallarfjalls árin 2006-2008. Þetta er greiðfært svæði en liggur hátt yfir sjávarmáli (630-660 m.y.s.). Þarna er ekki gert ráð fyrir mikilli enduráburðargjöf heldur verði fyrst og fremst um gróðurstyrkingu að ræða.

### **Laugarvalladalur**

Laugarvalladalur er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Þar er mikið um rofnar hlíðar og gróðursnauða örfoka mela. Borið verður á þetta svæði árin 2006-2008, gróðurstyrking og enduráburðargjöf eftir því sem við á. Einnig hefur nokkuð verið gert af því að sá í og bera á rofabörð og gert ráð fyrir því að þeirri vinnu verði haldið áfram.

### **Jökuldalsheiði milli vega**

Þetta er stórt landsvæði milli Möðrudalsleiðar og Háreksstaðaleiðar. Enn hefur ekki verið ákveðið nákvæmlega hvar á að bera niður fyrst en ljóst er að af nógu er að taka. Landeigendur Arnórsstaða og Ármótasels hafa sýnt áhuga á að leggja til land til uppgræðslu. Gert er ráð fyrir áburði á þetta svæði 2006-2010.

### **Framlag til bænda**

Bændur hafa geta sótt um framlag til sjóðsins. Þarna er það efni sem ætlað er í þá vinnu. Einnig geta bændur óskað eftir því að svæði innan þeirra landareignar verði tekin til uppgræðslu á vegum sjóðsins uppfylli þau skilyrði sem sett eru í reglum sjóðsins m.a. um hæð yfir sjávarmáli.

### **Óráðstafað/Farvegur Jökulsár**

Enn er ekki ljóst hversu mikil þörf er fyrir uppgræðslur í farvegi Jökulsár. Þar sem ekki verður byrjað að safna vatni í Háslón fyrir en haustið 2007 er ljóst að ekki þarf að áætla efni í þennan þátt fyrir en 2008.

# Áætlun 2006-2010, tölulegt yfirlit

	2006			2007			2008		
	Aburður, kg	Fræ, kg	Aætlaðir ha	Aburður, kg	Fræ, kg	Aætlaðir ha	Aburður, kg	Fræ, kg	Aætlaðir ha
Brú	0	0	0	0	0	0	10.200		57
Brú, framan fírhúsin	1.200	0	7	4.800		27	6.600		37
Brú, framan við Garða, Vöðruhraun	7.200	0	40	0		0	7.200		40
Brú, ofan við Gullberg-Rauðaberg	14.400	0	80	0		0	14.400		80
Brú, utan Þverár	1.800	0	10	1.800		10	1.800		10
Meðfram Þverárvatni	0	0	0	22.800		127	20.000		111
Sunnan Djúpagils	10.600	0	59	10.600		59	0		0
Norðan Djúpagils	70.200	0	390	72.600		403	0		0
Múli	2.400	0	13	3.600		20	2.400		13
Aðalból									
Faxahús	10.200	0	57	0		0	10.200		57
Faxahús til vesturs	9.000	0	50	23.600		131	30.000		167
Hrafnkelsdalur	4.800	0	27	4.800		27	4.800		27
Vaðbrekka									
Skænudalur	13.000	0	72	13.000		72	0		0
Skænudalur til norðvesturs yfir háls	9.600	0	53	9.600		53	9.600		53
Vaðbrekkuháls	5.000	0	28	5.000		28	5.000		28
Sænaútsel	15.200	100	84	7.200	100	40	18.000		100
Grunnvatnsalda-Netsei	30.000	0	167	0		0	30.000		167
Vestari hluti Grunnvatnsöldu	40.800	100	227	40.800		227	0		0
Hallarfjall	6.000	0	33	6.000		33	6.000		33
Laugarvalladalur	13.800	100	77	13.800	100	77	13.800		77
Jökuldalsheiði milli vega	4.800	0	27	30.000		167	50.000		278
Framlag til bænda	30.000	0	167	30.000		167	20.000		111
Óráðstafað/Farvegur Jökulsár	0	0	0	0		0	40.000	300	222
<b>Samtals</b>	<b>300.000</b>	<b>300</b>	<b>1.667</b>	<b>300.000</b>	<b>200</b>	<b>1.667</b>	<b>300.000</b>	<b>300</b>	<b>1.667</b>



2010

2009

	Aburður, kg	Fræ, kg	Aætlaðir ha	Aburður, kg	Fræ, kg	Aætlaðir ha
Brú	100.000		556	100.000		556
Brú, framan fjárhúsin			0			0
Brú, framan við Garða, Vöðruhraun			0			0
Brú, ofan við Guilberg-Rauðaberg			0			0
Brú, utan Þverár			0			0
Meðfram Þverárvatni			0			0
Sunnan Djúpagils			0			0
Norðan Djúpagils			0			0
Múli			0			0
Aðalból	25.000		139	25.000		139
Faxahús			0			0
Faxahús til vesturs			0			0
Hrafnikeisdalur			0			0
Vaðbrekka	25.000		139	25.000		139
Skænuðalur			0			0
Skænuðalur til norðvesturs yfir háls			0			0
Vaðbrekkuháls			0			0
Sænaútasel			0	40.000		222
Grunnavatnsalda-Netsei			0			0
Vestari hluti Grunnavatnsöldu	40.000		222			0
Hellarfjell			0			0
Laugarvalladalur	13.800		77	13.800		77
Jökuldalsheiði milli vega	50.000		278	50.000		278
Framlag til bænda	10.000		56	10.000		56
Óráðstafað/Farvegur Jökulsár	36.200		201	36.200		201
<b>Samtals</b>	<b>300.000</b>		<b>1.667</b>	<b>300.000</b>		<b>1.667</b>

# Landbótasjóður Norður-Héraðs

---

Ársreikningur

---

**2005**

Landbótasjóður Norður-Héraðs  
Brúarási  
701 Egilsstaðir  
kt. 450204-3150

---

# Landbótasjóður Norður-Héraðs

---

Ársreikningur

---

2005

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

---

# Áritun endurskoðenda

---

## Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2005, hreinni eign hans 31. desember 2005, og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 2. mars 2006

Deloitte hf.

Sigurður H. Pálsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 13,0 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 6,5 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 8,8 millj. kr., og er ónýtt heimild til úthlutunar því alls 10,7 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2006 geti orðið u.þ.b. 12,6 milljónir króna auk þess sem nú er óráðstafað, eða alls um 23,3 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Brúarási, 2. mars 2006

Í stjórn

## Yfirlit um ráðstöfunarfé 2005

	Skýr.	2005	2004
<b>Innborguð framlög</b>			
Framlög Landsvirkjunar .....	3	4.000.000	74.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar .....	3	514.409	5.917.867
Hreindýraarður .....		303.266	344.142
		<u>4.817.675</u>	<u>80.262.009</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....	8	14.443.861	10.117.859
Fjármagnstekjuskattur .....	8	(1.444.385)	(1.011.784)
Vaxtagjöld .....	8	(3.216)	(845)
		<u>12.996.260</u>	<u>9.105.230</u>
		<u>17.813.935</u>	<u>89.367.239</u>
<b>Útgjöld</b>			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður .....		(8.762.622)	(6.732.847)
		<u>(8.762.622)</u>	<u>(6.732.847)</u>
<b>Aðrir liðir</b>			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting .....	3	(2.315.562)	(73.553.314)
		<u>(2.315.562)</u>	<u>(73.553.314)</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>	5	6.735.751	9.081.078
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>		<u>215.083.185</u>	<u>206.002.107</u>
<b>Hrein eign í árslok</b>	5	<u>221.818.936</u>	<u>215.083.185</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
<b>Eignir</b>			
<b>Langtímakröfur</b>			
Óhafin framlög Landsvirkjunar .....	3	54.760.807	57.076.369
		<u>54.760.807</u>	<u>57.076.369</u>
<b>Kröfur</b>			
Hreindýraarður .....		303.266	0
		<u>303.266</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé</b>			
Bankainnstæður .....	4	167.400.451	158.623.712
		<u>167.400.451</u>	<u>158.623.712</u>
		<u>222.464.524</u>	<u>215.700.081</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddur launakostnaður .....		602.388	587.704
Annar ógreiddur kostnaður .....		43.200	29.192
		<u>645.588</u>	<u>616.896</u>
<b>Hrein eign</b>		<u>221.818.936</u>	<u>215.083.185</u>
<b>Hrein eign</b>			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar .....	5	10.761.660	6.534.914
Til ráðstöfunar síðar .....	5	211.057.276	208.548.271
<b>Hrein eign samtals</b>		<u>221.818.936</u>	<u>215.083.185</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
<b>Inngreiðslur</b>			
Innborguð framlög .....	3	4.514.409	80.262.009
Innborgaðir vextir .....	8	12.999.476	9.106.075
		<u>17.513.885</u>	<u>89.368.084</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður .....		(8.733.930)	(6.115.951)
Vaxtagjöld .....	8	(3.216)	(845)
		<u>(8.737.146)</u>	<u>(6.116.796)</u>
Hækkun á handbæru fé .....		8.776.739	83.251.288
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>158.623.712</u>	<u>75.372.424</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>167.400.451</u></u>	<u><u>158.623.712</u></u>



# Skýringar og sundurliðanir

## 1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð er frjálst til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## 3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlöggin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 152.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2005	2004
Greidd framlög til þessa.....	152.000.000	148.000.000
Verðbætur við greiðslu.....	8.449.567	7.935.158
Greitt alls.....	160.449.567	155.935.158
Framlög til og með árinu 2017.....	48.000.000	52.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	6.760.807	5.076.369
Óhafin framlög samtals.....	54.760.807	57.076.369
	215.210.374	213.011.527

## Skýringar og sundurliðanir

### 4. Handbært fé

Handbært fé er að mestu ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

### 5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2005	2004
<b>Langtímahluti:</b>		
Frá fyrra ári .....	208.548.271	202.164.985
Verðtrygging höfuðstóls .....	8.213.256	11.871.398
Laust til ráðstöfunar, 1/38 (1/39) hluti .....	(5.704.251)	(5.488.112)
	<u>211.057.276</u>	<u>208.548.271</u>
<b>Skammtímahluti:</b>		
Frá fyrra ári .....	6.534.914	3.837.122
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar .....	5.704.251	5.488.112
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls .....	6.981.851	3.598.385
Hreindýraarður .....	303.266	344.142
Ráðstafað á árinu .....	(8.762.622)	(6.732.847)
<b>Óráðstöfuð heimild í árslok</b>	<u>10.761.660</u>	<u>6.534.914</u>
<b>Hrein eign samtals</b>	<u>221.818.936</u>	<u>215.083.185</u>

### 6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

### 7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

### 8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:


	2005	2004
Vextir af bankareikningi.....	14.443.861	10.117.859
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(1.444.385)	(1.011.784)
Vaxtagjöld .....	(3.216)	(845)
	<u>12.996.260</u>	<u>9.105.230</u>

## Skýringar og sundurliðanir

---

### 9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ .....	4.107.459	3.685.305
Aðkeypt vinna verktaka .....	3.200.709	1.402.191
Flutningskostnaður .....	11.263	600.937
Landbótaframlög .....	230.400	0
Gjaldfærð áhöld .....	39.927	175.384
Vinnulaun .....	472.500	645.000
Akstur .....	64.232	96.754
Tryggingagjald .....	32.581	44.573
Lífeyrissjóður .....	33.075	38.700
Verðlaun fyrir merki sjóðsins .....	100.000	0
Fundakostnaður .....	67.680	0
Annar ósundurliðaður kostnaður .....	5.015	19.838
Bókhald og reikningsskil .....	397.781	24.165
	<u>8.762.622</u>	<u>6.732.847</u>



 Aðgerðir 2003 - 2005

 Vegir

## Landbótasjóður Norður-Héraðs

### Uppgræðslusvæði



0 2 4 6 Km

